

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Smiðjuvegur 7. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. september 2025 breytingu á deiliskipulagi Smiðjuvegur 7. Í breytingunni felst 1.485,1 m<sup>2</sup> viðbygging við núverandi húsnæði á lóðinni til norðvesturs. Viðbyggingin mun vera á einni hæð auk kjallara. Þak á fyrirhugaðri viðbyggingu verður í sömu hæð og þak núverandi byggingar. Einnig er heimilt að byggja 35 m<sup>2</sup> viðbyggingu á einni hæð við austurgafli hússins. Núverandi bílastæði á vesturhluta lóðar færast niður í hluta af kjallaranum en þar er gert ráð fyrir um 14 bílastæðum í opnu kjallarárými. Bílastæðum á lóðinni fækkar úr 81 í 69. Byggingarmagn eykst úr 3.554 m<sup>2</sup> í 5.039 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall hækkar úr 0,5 í 0,7. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Brú yfir Fossvog. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Kópavogs 13. október 2025, með vísan til heimilda skipulagsfulltrúa skv. 8. tl. 3. gr. viðauka IV í samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar og fundarskóp bæjarstjórnar, nr. 1691/2024, breytingu á deiliskipulagi brúar yfir Fossvog. Í breytingunni felst að skilgreind er lóð fyrir brúarsporð innan sveitarfélagsmarka Kópavogsbæjar. Að öðru leyti er vísað til gildandi skilmála.

Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 44. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 10. nóvember 2025.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B deild - Útgáfudagur: 11. nóvember 2025